

Föstudaginn 4. október 1974.

Nr. 160/1974: **Guðjón Valdimarsson**

gegn

**Guðmundi Eiríkssyni**

og Sjótryggingarfélagi Íslands h/f.

**Dómenndur:**

**hæstaréttardómarnir Magnús P. Torfason, Björn Sveinbjörns-  
son og Logi Einarsson.**

Kærumál. Frávísunardómi hrundið.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 2. ágúst 1974, sem barst dóminum 26. september 1974. Hann gerir þær dómkröfur, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar að efni til. Hann krefst og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaður úr hendi sóknaraðilja.

Sóknaraðili sækir í máli þessu varnaraðilja sameiginlega til greiðslu skaðabóta vegna tjóns á bifreiðinni R 6741 á grundvelli 69. gr., sbr. 68. gr. og 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Eigi verður talið, að það leiði af framangreindum lagaákvæðum eða af 47. gr. laga nr. 85/1936, að vísu beri málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi, þótt sóknaraðili reisi kröfur sínar á hendur varnaraðilja Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f að hluta einnig á því, að starfsmenn félagsins hafi með yfirlýsingum sínum bundið því skyldu til að greiða kostnað af viðgerð bifreiðarinnar. Að svo vöxnu máli ber að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dóms.

Rétt er, að varnaraðili greiði sóknaraðilja kr. 5.000.00 í kærumálskostnað.

### **D ó m s o r ð :**

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur, og er málinu

vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dóms-  
álagningar af nýju.

Varnaraðilar, Guðmundur Eiríksson og Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f, greiði sóknaraðilja, Guðjóni Valdimarssyni, kr. 5.000.00 í kærumálskostnað fyrir Hæstarétti.

### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. júlí 1974.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 27. f. m., hefur Guðjón Valdimarsson, Hraunbæ 182 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 4. apríl 1973, á hendur Guðmundi Eiríkssyni, Fellsmúla 27, og Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f, báðum hér í borg, til greiðslu in solidum á kr. 30.843.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. mars 1972 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu, en til vara, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða kr. 23.443.00 eða aðra lægri fjárhæð að mati dómsins ásamt vöxtum og málskostnaði, eins og í aðalkröfu greinir. Við munnlegan flutning málsins var því lýst yfir af hálfu stefnanda, að fallið sé frá öllum kröfum á hendur stefnda Guðmundi Eiríkssyni að því leyti sem dómur í málinu kynni alfarið að verða byggður á þeirri málsástæðu, að stefndi Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f hefði lofað að greiða viðgerðarkostnað. Jafnframt var því lýst yfir, að allar kröfur á hendur stefnda Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f séu óbreyttar og eins séu allar kröfur á hendur stefnda Guðmundi Eiríkssyni óbreyttar að því leyti sem dómur yrði byggður á sök hans á tjóni.

Af hálfu stefndu eru þær dómkröfur gerðar, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að laugardaginn 6. nóvember 1971, laust fyrir klukkan 1217, varð árekstur milli bifreiðanna R 6741, eign stefnanda, og H 446, eign stefnda Guðmundar, á Fellsmúla hér í borg á móts við húsið nr. 22. Eigendurnir óku bifreiðum sínum. Lögreglumenn voru kvaddir á vettvang. Tóku þeir framskýrslur af öikumönnum og gerðu uppdrátt af vettvangi. Í skýrslu Baldvins Ottóssonar lögreglumanns segir svo:

„Þarna hafði orðið árekstur með bifreiðunum R 6741 og H 446, sem báðum var ekið vestur Fellsmúla. Bifreiðinni R 6741 var ekið fram úr hinni, um leið og henni var beygt til vinstri.

Ökumaður bifreiðarinnar R 6741 kvaðst hafa ekið vestur Fells-  
múla. Á undan sér hafi verið bifreiðin H 446 og hefði henni verið  
ekið mjöð hægt. Hann hefði ekið fram með henni til að aka fram  
úr. Þá hefði henni verið beygt til vinstri og árekstur orðið. Hann  
kvaðst ekki hafa séð stefnuljós tendruð á bifreiðinni H 446. Sjáan-  
legar skemmdir á bifreiðinni R 6741 voru á hægri framaurhlíf,  
framhöggvara og vélarhlíf.

Ökumaður bifreiðarinnar H 446 kvaðst hafa ekið vestur Fells-  
múla. Hann hefði ætlað að húsi nr. 22 og því verið búinn að færa  
sig að miðlínu vegar. Hann hefði gefið stefnumerki. Um leið og  
hann hefði beygt, hefði hinni bifreiðinni verið ekið fram með sinni  
bifreið og árekstur orðið. Sjáanlegar skemmdir á bifreiðinni H 446  
voru á allri vinstri hlið og vinstra afturhjóli.

Ökumenn voru boðaðir til rannsóknarlögreglu.“

Samkvæmt uppdrættinum var báðum bifreiðunum ekið vestur  
Fellsmúla, og hefur áreksturinn orðið á móts við innkeyrslu að  
húsinu nr. 22 við Fellsmúla. Samkvæmt uppdrættinum hefur  
akstursleið H 446 verið svo til eftir miðri götunni, en R 6741 hef-  
ur verið ekið sunnan við miðlínu götunnar. Þá beruppdrátturinn  
með sér, að báðum bifreiðunum hefur verið sveigt til vinstri, og  
hafa þær verið stöðvaðar þannig, að þær stóðu á ská á syðri helm-  
ingi götunnar um vesturmörk innkeyrslunnar að húsinu nr. 22  
við Fellsmúla. Fellsmúli er malbikuð gata og er um 12 m breið.  
Dagsbirta var, en rigning, er áreksturinn varð.

Fyrir rannsóknarlögreglunni og hér fyrir dómi hefur stefnandi  
skýrt svo frá, að í umrætt sinn hafi hann verið að aka frá heimili  
sínu í Hraunbæ að Háaleitisbraut 34. Hann kveðst hafa ekið inn  
á Fellsmúla af Grensásvegi og hafi þá bifreið stefnda Guðmund-  
ar, H 446, verið næst á undan sér, þegar hann beygði inn á Fells-  
múla. Hann kveður H 446 þá hafa verið ekið mjög hægt og kveðst  
álíta, að sú bifreið hafi verið sem nam breidd bifreiðar frá hægri  
brún götunnar. Stefnandi kveðst hafa ekið fast á eftir bifreiðinni,  
eða í um tveggja bifreiðalengda fjarlægð. Hann kveðst hafa haft  
hug á að aka fram úr bifreiðinni, en kveður þarna vera gatnamót  
og kveðst því hafa beðið með það, þar til bifreiðarnar væru komn-  
ar fram hjá gatnamótunum. Ekki kveðst Guðjón geta sagt ná-  
kvæmlega um það, hversu hratt bifreiðunum hafi verið ekið, en  
hann kveðst telja, að H 446 hafi verið ekið óeðlilega hægt, og álít-  
ur, að hraði hennar hafi verið 15—20 km á klukkustund, og kveð-  
ur það vera eftir hraðaskynjun sinni. Er hann hóf að aka fram úr  
H 446, kveður stefnandi þá bifreið hafa verið sem nam bifreiðar-

breidd frá hægri götubrún og hafi þá ekkert gefið til kynna, að H 446 yrði beygt til vinstri. Hafi hraði bifreiðarinnar verið óbreyttur, stefna óbreytt og engin stefnuljós tendruð á bifreiðinni. Stefnandi kveðst hafa ætlað að haga akstri fram úr H 446 þannig, að þegar hann hafi talið aðstæður leyfa, hafi hann byrjað að færa bifreið sína það langt til vinstri, að hann slyppi fram hjá H 446. Hann kveðst telja, að hann hafi gefið hljóðmerki. Hann kveðst geta ímyndað sér, að þegar bifreið sín hafi verið  $1\frac{1}{2}$ —2 m til vinstri við H 446, hafi þeirri bifreið verið beygt til vinstri. Kveðst stefnandi telja, að hann hafi verið kominn á 30—40 km hraða á klukkustund, er hann ætlaði að aka fram úr H 446. Stefnandi kveðst telja mjög hæpið, að hann hafi getað komið í veg fyrir áreksturinn með því að stöðva bifreið sína. Kveðst hann hafa talið meiri líkur til að koma í veg fyrir árekstur með því að beygja til vinstri, eins og hann gerði. Kveðst stefnandi hafa lagt á bifreið sína til vinstri eins og hægt hafi verið. Hann kveðst telja beygjuradius bifreiðar sinnar ekki eins mikinn og H 446 og hafi stefndi Guðmundur lagt meira á sína bifreið. Stefnandi kveðst telja, að stefndi Guðmundur hafi ekki áttað sig á bifreið hans, þ. e. stefnanda, fyrr en um það bil er áreksturinn varð. Eftir áreksturinn kveðst stefnandi hafa komið með bifreið sína að skrifstofu Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f og hafi maður að nafni Þórarinn skoðað bifreiðina og hafi verið um það talað milli þeirra, að gert yrði við bifreiðina á verkstæði Egils Vilhjálmssonar h/f, enda hafi það fyrirtæki umboð fyrir þessar bifreiðar og hafi því varahluti fyrir þær. Stefnandi kveður lögregluskýrslu um atburðinn ekki hafa verið komna og hafi maður þessi því ekki vitað, hvernig færi um ábyrgð á tjóninu, en ætlunin hafi verið að bíða eftir skýrslunni. Ekki kveðst stefnandi hafa haft samband við Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, á meðan á viðgerð stóð, en þegar hann hafi fengið upplýsingar um, að viðgerð væri lokið, kveðst hann hafa snúið sér til þessa sama manns. Þá hafi legið fyrir, hvað viðgerðin kostaði. Kveður stefnandi Þórarin hafa sagt sér, að hann hefði verið í fullum rétti og það mætti afhenda honum bifreiðina. Kveðst stefnandi nú hafa farið til Egils Vilhjálmssonar h/f og hafi stúlka, sem sér um afgreiðslu á bifreiðum, þá hringt til Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f. Hafi hún fengið staðfest það, sem áður hafi verið búíð að segja honum, að það mætti afhenda bifreiðina og að tryggingarfélagið mundi greiða tjónið. Stefnandi kveðst síðan hafa fengið bifreiðina afhenta. Stefnandi kveður það svo hafa verið um mánuði seinna, að hringt hafi verið í sig frá Agli Vil-

hjálmssyni h/f og hann beðinn um að koma og greiða reikninginn fyrir viðgerðina. Kveðst stefnandi hafa talið, að þarna væri um misskilning að ræða og því beðið stúlkuna um að ræða við Þórarin. Hafi stúlkan gert þetta og síðan talað við sig að nýju og þá sagt, að Þórarinn segði, að þarna hefði verið um misskilning að ræða og ætti stefnandi að greiða tjón sitt sjálfur. Stefnandi kveðst svo hafa farið og talað við Þórarin sjálfur og hafi hann þá ítrekað, að þarna hefði verið um misskilning að ræða og félagið teldi, að hann hefði, þ. e. stefnandi, verið í fullum órétti. Kveðst stefnandi ekki hafa viljað setta sig við þetta og hafi hann snúið sér til yfirmanns Þórarins, sem heitir Einar. Hann kveður Einar hafa ítrekað, að þarna hefði verið um misskilning að ræða, sem þeim þætti miður, en af hálfu félagsins væri litið svo á, að hann, þ. e. stefnandi, hefði verið þarna í fullum órétti. Stefnandi kveður Einar hafa viðurkennt, að hann hefði orðið fyrir óþægindum og hafi hann boðist til að greiða kr. 8.000.00 sem endanlega greiðslu án þess þó að falla frá þeirri skoðun, að hann, þ. e. stefnandi, ætti alla sök á árekstrinum. Stefnandi kveðst nú hafa haft samband við tryggingarfélag sitt, Tryggingu h/f, og hafi starfsmenn þess litið svo á, að áreksturinn væri sök beggja ökumanna og að skipta ætti ábyrgð á tjóninu. Kveðst stefnandi hafa snúið sér á ný til Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f, en þetta hafi ekki breytt afstöðu starfsmanna þess. Kveðst stefnandi síðan hafa greitt viðgerðarkostnaðinn hjá Agli Vilhjálmssyni h/f.

Varðandi afnot sín af bifreið sinni hefur stefnandi skýrt svo frá, að hann hafi notað hana að mestu sem einkabifreið, svo sem venja sé. Hann kveður eiginkonu sína hafa unnið úti og kveðst hafa ekið henni í vinnuna og einnig hafi hann farið með barn þeirra í gæslu. Stefnandi kveðst einnig hafa notað bifreiðina að nokkru í tengslum við starf sitt hjá flugmálastjórninni í sambandi við stuttar viðgerðarferðir og hafi þær ekki verið reglubundnar.

Vitnið Þórarinn Sæmundsson, tjónaskoðunarmaður hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, hefur skýrt svo frá, að hann muni ekki eftir atvikum máls þessa, enda fjalli hann um þúsundir skoðunargerða á hverju ári. Í þeim tilvikum, er félagið telji sig eiga að greiða tjón að öllu leyti, þá kveður hann uppgjör fara þannig fram, að bifreiðareigandinn fari með bifreiðina á verkstæði og gefi félagið ekki fyrirmæli um, á hvaða verkstæði skuli farið. Ef bifreiðareigandinn spyrji um það, hvort hann megi fara með bifreiðina á tiltekið verkstæði, þá sé það í flestum tilvikum samþykkt. Vitnið kveður stundum koma fyrir, að hringt sé frá verk-

stæði, áður en viðgerð sé hafin, og spurt um, hvort félagið ætli að greiða viðgerðarkostnaðinn. Ef skýrsla um atburðinn hafi borist og afstaða hafi verið tekin til hennar, þá kveður vitnið verkstæðinu skýrt frá því, að félagið ætli að greiða viðgerðina, og sé þá jafnframt gefið upp tjónnúmer. Í slíkum tilvikum kveður vitnið það koma fram hjá verkstæðinu, hvað gera eigi við bifreið og ef því beri saman við tjónaskoðunina, þá sé þetta aðstaðan. Ef lögregluskýrsla sé komin og félagið búið að taka afstöðu til tjónsins, áður en viðgerð lýkur, þá kveður vitnið uppgjör tjóna þessara þannig háttað, að verkstæðið framvísi reikningi til félagsins og komi þá ekki til þess, að bifreiðareigandinn gefi kvittun fyrir uppgjöri tjónsins. Ef hins vegar viðgerð sé lokið, áður en félagið sé búið að taka afstöðu til tjónsins, þá greiði bifreiðareigandinn viðgerðarkostnaðinn og framvísi síðan reikningnum til félagsins og gefi síðan kvittun fyrir greiðslu þeirri, sem hann fái. Vitnið kveður það oft koma fyrir, að viðgerð sé lokið, áður en félagið sé búið að taka afstöðu til tjónsins, en bifreiðareigandi hafi ekki fjárhagslega getu til að greiða viðgerðarkostnaðinn, og sé þá bifreiðin látin bíða á verkstæðinu á ábyrgð bifreiðareigandans, þar til félagið hafi haft aðstöðu til að taka afstöðu til tjónsins. Í þeim tilvikum, að tjón sé ekki bótaskýlt að fullu, kveður vitnið bifreiðareigandann gera að fullu upp viðgerðarkostnaðinn við bifreiðaverkstæðið og svo komi hann til félagsins, þar sem tjónið sé gert upp með til-liti til sakarskiptingar. Síðan gefi bifreiðareigandinn sérstaka kvittun fyrir fjárhæð þeirri, sem hann fái á grundvelli tjónuppgjörsins. Vitnið kveður það vera þátt í starfi sínu að gefa fyrirspyrjendum upplýsingar um það, hvort tjónaskýrslur séu í lagi eða ekki, og ef félagið hafi tekið endanlega ákvörðun um það, hvernig gera eigi upp tjón, þ. e. hvernig sök eigi að skipta, þá gefi það upplýsingar um það. Vitnið kveður það ekki tíðkast, að félagið skýri mönnum sérstaklega að fyrra bragði frá því, þegar búið sé að taka afstöðu til tjóns, en ef bifreiðareigendur spyrjist fyrir um afstöðu félagsins, þá sé þeim skýrt frá því í slíkum tilvikum.

Vitnið Einar Runólfsson, fulltrúi Sjóváttryggingarfélags Íslands h/f, hefur skýrt svo frá, að í starfi sínu lesi það yfir skýrslur um tjón, sem berast félaginu. Vitnið kveður sér hafa borist skýrsla um atvik máls þessa, og kveðst það hafa merkt hana ranglega. Það kveður þessa röngu merkingu hafa verið fólgn í því, að það hafi strikað undir rangt bifreiðarnúmer, er það strikaði undir númer bifreiðar þeirrar, sem það taldi vera í órétti. Kveðst vitnið hafa

talið, að bifreiðin R 6741 væri í fullkomnu óréttri, en það hafi í ógáti strikað undir H 446, en það þýði á merkjamáli því, sem notað er hjá fyrirtækinu, að tjónið eigi að skrá á viðkomandi bifreið, sem strikað er undir og tryggð er hjá félaginu. Ekki kveðst vitnið geta sagt um það, hversu langur tími leið, þar til þetta var uppgötvað, en það muni hafa liðið nokkuð margir dagar og hafi þetta þá verið leiðrétt. Vitnið kveður afskipti sín af málinu hafa verið þau, að eigandi bifreiðarinnar R 6741 hafi komið og verið mjög óánægður yfir því að fá tjón sitt ekki bætt, en hann hafi verið áður búinn að fá þær upplýsingar, sem muni hafa verið fyrir milli-göngu starfsfólks Egils Vilhjálmssonar h/f, að tjón hans mundi verða bætt. Kveður vitnið þær upplýsingar munu hafa komið fram vegna fyrirspurnar starfsfólksins og muni annar hvor skoðunarmanna Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f hafa svarað fyrirspurningunni. Vitnið kveðst hafa átt viðræður við stefnanda og lögmann hans um málið og hafi þá komið fram hjá stefnanda, að ef hann hefði vitað, að hann ætti að greiða tjón sitt sjálfur, þá hefði hann reynt að haga viðgerðinni með öðrum hætti, þannig að hún yrði ekki eins kostnaðarsöm. Vitnið kveður fallist hafa verið á það af hálfu félagsins, að þetta gæti verið rétt hjá stefnanda, og því hafi félagið boðist til að greiða honum bætur að hluta. Vitnið kveðst hafa reynt að rannsaka, hvernig atvikum hafi verið háttað og kveður Þórarin tjónaskoðunarmann hafa tjáð sér, að hann hefði skýrt starfsfólki Egils Vilhjálmssonar h/f frá því, að tjónið yrði bætt og að verkstæðið mætti sleppa bifreiðinni, en ekki hafi komið fram hjá Þórarini, að hann hefði skýrt stefnanda málsins frá þessu. Ekki kveðst vitnið hafa skýrt stefnanda frá því, að félagið mundi bæta upp tjónið.

Ásvaldur Andrússon, verkstjóri á bifreiðaverkstæði Egils Vilhjálmssonar h/f, hefur skýrt svo frá, að þegar komið sé með bifreiðar til viðgerðar, sem hafi orðið fyrir skaða, þá skýri eigandinn frá því, hvað hann vilji láta gera við bifreiðina, og jafnframt sé innt eftir því, hvort hann ætli að greiða kostnaðinn sjálfur eða hvort talið sé, að þarna sé um tjón að ræða, sem váttryggingarfélagið eigi að greiða. Ef um síðara tilvikið sé að ræða, kveður vitnið haft samband við tjónaskoðunarmann viðkomandi tryggingarfélags og honum skýrt frá því, að bifreiðin sé komin til viðgerðar, og hann spurður, hvort hann ætli að koma og skoða bifreiðina eða hvort hann sé búinn að því. Vitnið kveður samband vera haft við tjónaskoðunarmanninn á ný, þegar viðgerð sé lokið, og ef hann gefi leyfi til að afhenda bifreiðina, þá sé það gert. Ef um sé að

ræða tjón, sem váttryggingarfélag telji sig aðeins eiga að greiða að hluta, þá kveður vitnið eiganda bifreiðarinnar látinn greiða hinn hluta viðgerðarkostnaðarins, áður en bifreiðin er afhent. Vitnið kveðst ekki muna afskipti sín af bifreið stefnanda í smáatriðum, nema það, að skrifstofa fyrirtækisins hafi hringt í sig og sagt sér, að óhætt væri að afhenda bifreiðina.

Stefndi Guðmundur Eiríksson skýrði svo frá fyrir rannsóknarlögreglunni, að hann hefði ekið mjög hægt, er áreksturinn varð, og kvaðst örugglega hafa sett stefnuljós á til vinstri í tæka tíð. Hann kvaðst hafa gætt að umferðinni í baksýnispegli bifreiðarinnar, en kvaðst ekki hafa séð neinn nálgast. Hann kvað skyggni hafa verið slæmt og kunni að hafa verið móða á speglinum á vinstri hlið bifreiðarinnar og á hliðarrúðunni, sem verið hafi uppi. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við bifreið stefnanda, fyrr en um leið og bifreiðarnar skullu saman.

Aðalkrafa stefnanda er byggð á því, að stefndi Guðmundur eigi óskipta sök á árekstrinum, og beri honum því sem eiganda H 446 að greiða stefnanda fullar bætur fyrir tjón af völdum árekstrarins. Greiðsluskylda stefnda Sjóváttryggingarfélags Íslands h/f á aðalkröfu er byggð á því, að félagið sem ábyrgðartryggjandi H 446 sé ábyrgt fyrir tjóni af völdum bifreiðarinnar samkvæmt 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga. Er krafan studd þeim rökum, að stefndi hafi ekið bifreið sinni miklu hægar en eðlilegt hafi verið miðað við aðstæður, sbr. 1. mgr. 49. gr. umferðarlaga, en með þessum hæga akstri hafi hann gefið stefnanda tilefni til að aka fram úr. Þá er því haldið fram, að stefndi hafi beygt til vinstri án þess að gefa merki um stefnubreytingu, svo sem honum hafi þó borið samkvæmt 2. mgr. 52. gr. umferðarlaga, en auk þess hafi honum borið að sýna sérstaka aðgæslu, sbr. 4. mgr. 52. gr. og 1. mgr. 46. gr. umferðarlaga. Því er jafnframt haldið fram, að þrátt fyrir þetta hefði stefndi átt að geta komið í veg fyrir árekstur með tilliti til þess, hversu hægt hann ók og að hann ók skáhallt allnokkra leið yfir götuna, áður en bifreiðin staðnæmdist, ef hann hefði sýnt þá aðgæslu, sem krefjast mátti af honum, en það hafi hann ekki gert. Er því haldið fram samkvæmt þessu, að skort hafi á aðgæslu stefnda Guðmundar og hann brotið mikilvægar umferðarreglur og því beri hann alla sök á árekstrinum. Er því haldið fram, að stefndi beri alla sönnunarbyrði um meinta sök stefnanda. Því er hins vegar haldið fram af hálfu stefnanda, að eigi sé við hann að sakast um árekstur þennan, enda hafi hann hagað akstri sínum að öllu leyti eins og honum hafi borið. Er því jafn-

framt haldið fram í þessu sambandi, að ekki tíðkist að gefa hljóðmerki við akstur í borginni, nema sérstök hættu sé yfirvofandi, en svo hafi ekki verið í þetta skipti.

Varakrafa stefnanda er byggð á því, að starfsmaður eða starfsmenn stefnda Sjóváttryggingarfélags Íslands h/f hafi gefið ótvíræða og óafturkallanlega yfirlýsingu um, að félagið mundi greiða viðgerðarkostnað bifreiðarinnar, sem nam kr. 23.443.00. Er því haldið fram í þessu sambandi, að Þórarinn, starfsmaður stefnda Sjóváttryggingarfélags Íslands, hafi skýrt stefnanda frá því, að félagið mundi greiða viðgerðarkotnaðinn, en einnig er því haldið fram, að starfsfólki Egils Vilhjálmssonar h/f hafi verið skýrt frá þessu og á þessum grundvelli hafi stefnandi fengið bifreiðina afhenta, en að öðrum kosti hefði hann ekki fengið bifreiðina afhenta, nema gegn því að greiða viðgerðarkostnaðinn sjálfur. Er bent á það af hálfu stefnanda, að reikningur fyrir viðgerðarkostnaði sé ritaður á nafn Sjóváttryggingarfélags Íslands. Þá er því og haldið fram í þessu sambandi, að yfirlýsing stefnda Sjóváttryggingarfélags Íslands h/f hafi valdið honum tjóni, þar sem hann hafi verið sviptur rétti til að gera athugasemdir við viðgerðina, sem að hans mati hafi verið óhóflega dýr.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að stefnandi hafi með gálausum akstri og aðgæsluleysi átt alla sök á árekstrinum, og verði hann því að bera allt tjón sitt sjálfur. Er því haldið fram, að stefnandi hafi ekið fast á eftir H 446 og fram með þeirri bifreið vinstra megin án þess að gefa nokkru sinni merki um, að hann hygðist aka fram úr. Með þessu hafi stefnandi brotið 4. mgr., sbr. 2. mgr. 47. gr. umferðarlaga og valdið árekstrinum. Þá er því haldið fram, að stefnandi hafi ekið hraðar en hann telji og með því brotið ákvæði 1. mgr. 49. gr. umferðarlaga. Er því haldið fram, að hægur akstur bifreiðarinnar H 446 hafi gefið stefnanda tilefni til að ætla, að H 446 kynni að verða beygt að innkeyrslu að húsum við Fells múla, og því hafi verið rík ástæða fyrir stefnanda til að gefa öku-  
manni H 446 merki um framúrakstur, áður en hann yrði reyndur. Þá er því haldið fram, að stefnandi hafi ekki veitt því athygli, að H 446 var ekið að miðlínu vegar, og ekki hafi hann heldur tekið eftir því, að ökumaður bifreiðarinnar hafi gefið stefnumerki. Er því haldið fram, að stefndi Guðmundur hafi ekið mjög hægt og í samræmi við ákvæði umferðarlaganna. Hann hafi fært bifreið sína að miðlínu vegar, gefið stefnuljós og gætt að umferð fyrir aftan sig og því eigi hann enga sök á árekstrinum. Er því mótmælt, að bifreiðinni H 446 hafi verið beygt fyrirvaralaust til

vinstri, án þess að stefnumerki væri gefið í tæka tíð. Þá er því mótmælt af hálfu stefnda Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f, að greiðsluskylda þess verði byggð á því, að félagið hafi gefið bindandi yfirlýsingu um það, að það mundi greiða kostnað af viðgerð á bifreið stefnanda. Er af félagsins hálfu krafist algerrar sýknu af þessari kröfu. Er því haldið fram, að starfsmenn félagsins hafi aldrei gefið stefnanda yfirlýsingu eða loforð um greiðslu á viðgerðarkostnaði bifreiðarinnar. Er því haldið fram, að þótt starfsmenn félagsins hafi gefið starfsmönnum Egils Vilhjálmssonar h/f upplýsingar um afstöðu félagsins til ábyrgðar á tjóni stefnanda, þá hafi þær upplýsingar verið rangar og geti þær ekki bundið félagið gagnvart stefnanda. Er því haldið fram, að ósannað sé með öllu, að starfsmenn félagsins hafi skýrt stefnanda frá því, að félagið mundi greiða viðgerðarkostnaðinn, og því hafi stefnandi aldrei verið í góðri trú um greiðslu af hálfu félagsins.

Svo sem fram er komið, er aðalkrafa stefnanda um greiðslu viðgerðarkostnaðar og bætur fyrir afnotamissi byggð á ákvæði 68. gr., sbr. 1. mgr. 69. gr. umferðarlaga, að því er varðar fébótaábyrgð stefnda Guðmundar, en á 1. og 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga, að því er varðar greiðsluskyldu stefnda Sjóváttryggingarfélags Íslands h/f. Hins vegar er varakrafa stefnanda um greiðslu viðgerðarkostnaðar byggð á því, að starfsmaður Sjóváttryggingarfélags Íslands h/f hafi, svo bindandi sé fyrir félagið, lofað greiðslu þess kostnaðar. Kröfur stefnanda á hendur aðiljum eru því að nokkru leyti byggður á mismunandi grundvelli, og þykir kröfugerðin því andstæð ákvæðum 1. mgr. 47. gr. laga nr. 85/1936. Eins og kröfugerð stefnanda er háttað í heild, þykir því verða að vísa málinu sjálfkrafa frá dómi. Rétt þykir, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

#### Dómsorð:

Máli þessu er vísað sjálfkrafa frá dómi.

Hver aðili ber kostnað sinn af málinu.